

Hugað að sjónvörnum í Staðarsveit



Undanfarna daga hafa íbúar Snæfellsbæjar tekið eftir aukinni umferð vörubíla á vegum sveitarfélagsins, farmur þessara bíla er efni í grjótgarð sem mun verja Barðastaði í Staðarsveit fyrir ágangi sjávar. Efnið er fengið úr grjótnámu við Rif og er gert ráð fyrir að alls fari um 2.520 rúmmetrar af grjóti og kjarna í garðinn en hann verður um 170 metrar að lengd. Áætlanir gera ráð fyrir að verkinu ljúki um næstu mánaðarmót.

Verkið var boðið út í apríl á þessu ári og í sama útboði var einnig rúmlega 40 metra garður sem leggja á út við Keflavíkurgötu á Hellissandi, í þann garð fara tæplega 1.100 rúmmetrar af grjóti og kjarna og mun verktakinn fara í það í byrjum september þegar verkinu við Barðastaði er lokið.

Í útboðinu var áætlaður verktakakostnaður 30,8 milljónir, fjögur fyrirtæki buðu í verkið og voru

tvö af þeim heimamenn, B. Vigfússon ehf. og Stafnafell ehf., lágsta boðið kom hinsvegar frá Flakkararannum ehf. sem bauð rúmlega 33,5 milljónir sem er um 8,8% yfir áætluðum verktakakostnaði, ekki munaði nema rúmum tvö-

hundruð þúsundum á Flakkararannum ehf. og B. Vigfússyni ehf. sem var með næstlægsta tilboðið.

Fleiri framkvæmdir eru áætlaðar hjá Höfnum Snæfellsbæjar á næstunni því að verið er að semja við aðila sem mun sjá um dýpkun

við nýstækkaða trébyggju í Ólafsvík, þá verður fleygað úr klöpp í botni hafnarinnar svo að dýpi við bryggjuna verði ekki undir 3 metrum.

Myndina úr Staðarsveit tók Þórður Björnsson.

JÓ

ÓPIÐ ER FYRIR UMSÓKNIR Í 2024
UPPBYGGINGARSJÓÐ VESTURLANDS

STYRKIR TIL ATVINNUÞRÓUNAR & NÝSKÖPUNAR
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 2. SEPTEMBER 2024

Komdu þinni hugmyndi framkvæmd

AÐSTÖÐ VIÐ UMSÓKNIR
Helga Guðjónsdóttir helga@ssv.is 895-6707
Hrafnhildur Tryggvadóttir hrafnhildur@ssv.is 849-2718
Skrifstofa SSV uppbyggingarsjodur@ssv.is 433-2310

RAFREN UMSÓKNARGÁTT
Á vef SSV er rafræn umsóknargátt. Kynnið ykkur vel reglur og viðræðingar varðandi styrkveitingar. Allar nánari upplýsingar á www.ssv.is

ÚTHLUTUN SEPTEMBER 2024

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA VESTURLANDS
SÖKNARÁÆTLUN VESTURLANDS

Kvenfélagskonur færa okkur Gleði

Vígsla minnisvarðans Gleði í Ólafsvík fer fram fimmtudaginn 22. ágúst klukkan 15. Minnisvarðinn er gjöf frá Kvenfélagi Ólafsvíkur í tilefni af 70 ára afmælis félagsins og stendur á grasblettinum til móts við Leikskólann Krílakot, við Gilið. Mikil vinna hefur farið í verkið en fyrstu skóflustunguna tók T.S. vélaleiga í október 2023. Síðan þá hafa J.T. trésmíði og E.G. flísar og múr unnið við verkið og þriðjudaginn 20. ágúst voru síðustu púslin sett

á verkið. Listamaðurinn Sigurður Guðmundsson vann minnisvarðann ásamt kvenfélagskonum. Á það að minna á þá þrautseigju kvenfélagskvenna sem stofnuðu fyrsta leikskólann í Ólafsvík árið 1972 og ráku hann í nokkur ár svo konur í samfélaginu gætu farið út á vinnurmarkaðinn. Verkið er hannað með það í huga að vera barnvænt og eiga börn að geta leikið sér í litríku listaverkinu.

SJ



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Ný stjórn NFSN



Ný stjórn nemendafélags Fjölbrautaskóla Snæfellinga hefur verið skipuð fyrir skólaárið 2024-2025. Sara Egilsdóttir mun sitja sem formaður félagsins, Eyrún Lilja Einarsdóttir er gjaldkeri, Eirný Svana Helgadóttir er ritari, Valdís María Eggertsdóttir

er markaðsstjóri og Viktoría Sif Þránsdóttir Norðdahl skemmtanastjóri. Meðstjórnanda úr hópi nýnema vantar í stjórnina er framboð og kosning stendur núna yfir.

JJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



TÓNLISTARSKÓLI
SNÆFELLSBÆJAR

INNRIÐUN FYRIR HAUSTÖNN 2024

Innritun í skólavistun Tónlistarskóla Snæfellsbæjar fyrir haustönn 2024 **fer fram frá 20. ágúst til 30. ágúst.** Umsóknunum skal skilað á skrifstofu skólans að Hjarðartúni 4-6 í Ólafsvík. Einnig er hægt að hringja í síma 433-9928 eða senda tölvupóst: tonlistarskoli@snb.is
Nemendur sem eru að ljúka árið 2024 þurfa að staðfesta áframhaldandi skólavistun fyrir haust 2024, og ef breytingar eru á hljóðfæranámi.

Samningur skal gerður við nemendur og forráðamenn um hljóðfæraleigu, þar sem m.a. eru skilmálar um meðferð hljóðfæra.

Hálft nám reiknast sem 60% af fullu gjaldi.

Í þeim tilvikum sem systkini yngri en 18 ára stunda nám við skólann skal veittur systkinaafsláttur. Systkinaafsláttur skal nema 25% fyrir annað systkini og 50% fyrir þriðja systkini. Afslátturinn reiknast ávallt af ódýrasta náminu.

Systkinaafsláttur á eingöngu við um systkini, ekki frændsystkini, þó svo lögheimili og greiðandi sé sá sami.

A.T.H.

Við innritun hefur forráðamaður skuldbundið sig, að greiða skólagjöld út önnina.

Gjaldskrá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar má finna á vefsíðu Snæfellsbæjar.

Bestu kveðjur
Skólastjóri Tónlistarskóla Snæfellsbæjar



Blandaður úrgangur



Pappi og pappír



Plastumbúðir



Matarleifar

Útfærsla á sorphirðu og flokkun við heimili í Snæfellsbæ

Í Snæfellsbæ er þriggja tunnu kerfi fyrir fjóra flokka af sorpi, þar sem ein tunnan hefur auka hólfi. Þrjár 240 lítra tunnur eru við hvert hús auk 35 lítra hólfs í einni tunnunni.

1. Almennit sorp er fyrir blandaðan úrgang sem ekki er hægt að endurvinna.
2. Hólf undir matarleifar er í almennu tunnu fyrir matarafgang, kaffikorg, eggjaskurn o.s.frv. Allt sorp sem fer í hólfi undir matarleifar skal vera í bréfpoka.
3. Pappi og pappír er fyrir pappír, fernur og bylgjupappa.
4. Plast er fyrir plastflöskur, plastumbúðir, plastpoka og plastfilmur.

Til viðbótar eru grenndarstöðvar sem taka á móti málmum og gleri. Þær eru staðsettar við N1 á Hellissandi, spennistöðina við Háarif og við Mettubúð í Ólafsvík.

Á Arnarstapa og Hellnum eru einnig grenndarstöðvar. Flokkað er þar í fjóra flokka; almennt, pappi, plast og lífrænt.

Losunaráætlun er birt á heimasíðum Snæfellsbæjar og Kubbs.



Skannaðu QR-kóðann til að fara beint inn á upplýsingar um sorphirðu á vefsíðu Snæfellsbæjar.

Styttist í að Björgin haldi heim

Núna um miðjan ágúst fóru Björn Jóhann Gunnarsson, verkefnastjóri sjöbjörgunar hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og Kári Logason, skipaverkfræðingur og sjálfbodaliði björgunarsveitanna, í heimsókn til Kewatec skipasmíðastöðvarinnar í Kokkola í Finnlandi. Eins og flestum er kunnugt er nýsmíði björgunarskipsins Bjargar á lokametrunum en áætlað er að skipið komi til landsins og afhendist Björgunarbátasjóði Snæfellsness fyrir lok árs. Nýja Björgin verður sú fjórða í röðinni og mun eiga heimahöfn í Rifshöfn. Björn og Kári ferðuðust til Kokkola til að fara yfir smíðina áður en lokafrágangur hefst og eftir skoðun þeirra sögðu þeir að smíði skipsins standist sannarlega væntingar og er tilhlökkun að fá skipið heim orðin mikil. Stórt og krefjandi verkefni er framundan en báturinn kostar 324 milljónir króna. Ís-



lenska ríkið borgar helming þeirrar upphæðar og Landsbjörg fjórðung en eftir situr 81 milljón sem Björgunarsveitin Lífsbjörg greiðir. Með góðu baklandi er björgunarsveitinni allir vegir færir og vinnan við söfnun fés er enn í fullum gangi.

SJ

Viðgerð á kirkjuturni



Viðgerðir á kirkjuturninum í Grundarfirði standa nú yfir en verkið er framhald á viðhaldi á kirkjunni sem farið var í fyrir þremur árum. Þorkell Gunnar Þorkelsson, múrarmeistari, sér um verkið en byrjað er á að múra húsið til að vatnsþétta, svo er sett einangrun og að lokum múr eða stoðkerfi sem er þá veðurkáp-an. Fyrir þremur árum var far-

ið í þessar framkvæmdir á kirkjunni og skrudhúsinu og hefur verið á planinu að fara í kirkjuturninn og þakið á kirkjunni síðan. Í ár fékk sóknarnefndin tilboð í kirkjuturninn og lét til skara skríða en viðgerðir á þakinu munu bíða þar til nægt fjármagn fæst. Meðfylgjandi tók Sverrir Karlsson af framkvæmdunum á kirkjuturninum.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipapjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurpjónusta
- Smábátapjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Costa Favolosa heimsótti Grundarfjörð



Mikið líf og fjör var í Grundarfirði síðastliðinn sunnudag þegar skemmtiferðaskipið Costa Favolosa ferjaði farþega sína til hafnar. Costa Favolosa hafði þá siglt í kringum Ísland með viðkomu á Seyðisfirði, Akureyri og á Ísafirði. Skipið eru tæpir 290 metrar á lengd og 35 metrar á breidd og tekur það mest 3.016


farþega og 1.100 áhafnar meðlimi. Kirkjufell Express rútan fór fjölda ferða með ferðamenn að Kirkjufelli og eins var rútan sem ferjaði fólk á Hákarlasafnið þétt setin. Frá Íslandi er förrinni svo heitið til Kirkwall í Skotlandi þaðan sem skipið heldur áfram til Þýskalands.

JJ

Við hönnum og framleiðum öryggis- og vinnufatnað undir merkjum Mar Wear.

Við þekkjum íslenskar aðstæður vel og tökum mið af þeim í allri hönnun á Mar Wear fatnaði.

Boðið er upp á öryggis-og vinnufatnað fyrir m.a sjómenn, matvælavinnslur, bændur og iðanarmenn.



Ægir vinnusamfestingur

Öflugur vinnusamfestingur sem hentar t.d vel fyrir verkstæðisvinnu og landbúnað.



Ægir loðfóðraður kuldagalli

Vatnsheldur klassískur kuldagalli á flottu verði!
Polir allt að 30 gráðu frost.



Ægir vatnsheldur jakki

Léttur og lipur regnjakki fær í ýmis konar verkefni.



Ægir regnsett (stakkur & buxur)

Klassískt, létt og sterkt regnsett. Flott vara á flottu verði.



Mar Wear hanskar fyrir vinnandi hendur!

Öflugir vinnuhanskar í úrvali.



Ægir vatnsheldar mittisbuxur

Viðsnúanlegar regnbuxur. Styrking á skálmum og klofi. Stillanleg axlabönd.

Orkusjóður styrkir í Grundarfirði

Þann 16. ágúst 2024 var tilkynnt um úthlutun styrkja úr Orkusjóði. Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra samþykkti tillögu Orkusjóðs um að veita 1.342 milljónir króna í almenna styrki til orkuskipta á árinu. 53 verkefni fengu styrk en þau eru af ýmsum stærðum, koma til framkvæmda víða um land og hafa það öll að sameiginlegu markmiði að draga hratt úr losun. Alls bárust um 154 umsóknir að upphæð rúmlega 6,7 milljarða kr. Í frétt ráðuneytisins kemur fram að heildarupphæð styrkja hafi aldrei verið hærri og að áætlaður samdráttur í notkun jarðefnaeldsneytis vegna styrktra verkefna hafi aldrei verið meiri, eða sem nemur 11 milljón olíulítrum á ári. Á meðal þessara 53 verkefna sem hlutu styrk úr sjóðnum voru tvö úr Grundarfirði, annars vegar hlýtur Grundarfjarðarbær 40 milljón króna styrk og hins vegar fær Kaffi 59 12.375.000 króna styrk. Eitt stærsta verkefni Grundarfjarðarbæjar um þessar mundir eru orkuskipti skóla- og íþróttamannvirkja en grunnskóli, tónlistarskóli, íþróttahús og sundlaug Grundarfjarðar eru hituð með olíu. Árleg olíunotkun vegna kyndingar mannvirkjanna hefur verið allt að 130.000 lítrar og árleg losun koltvísýrings er áætluð allt að 300 tonn. Framkvæmdir við að undirbúa orkuskiptin hafa staðið yfir frá sumrinu 2023 en þá voru boraðar tíu varmasöfnunarholur sunnan við íþróttahúsið og eru níu þeirra nothæfar. Lokað hringrásarkerfi til varmasöfnunar var lagt í holurnar og fimm varmadælum stillt upp innan-



húss, ásamt þremur hitatúbum. Í ár hefur verið unnið við frágang og tengingu lagna úr holunum, í gegnum lagnakistu og inn í tæknirými í íþróttahúsinu en orkuskiptin sjálf eru áætluð í september. Áætluð varmaafköst hverrar holu eru um 22-24 kW og áætlað uppsett afl varmadælnanna er 240 kW. Grundarfjarðarbær stefnir á fleiri verkefni sem felast í að þróa orkuskiptin nánar, miða að því að nýta betur auðlindir og lækka kyndingarkostnað. Styrkurinn til Grundarfjarðarbæjar var í flokki lausna sem minnka notkun jarðeldsneytis, heildarkostnaður verkefnisins eru 120 milljónir króna og styrkupphæðin sem bæjarfélagið fékk nemur 33% af því, en styrkupphæð getur hæst numið einum þriðja af heildarkostnaði verkefna. Kaffi 59 eða Hægt og hljótt ehf hlaut einnig styrkveitingu en sú var í flokki innviða

fyrir rafknúin farartæki, skip og flugvélar. Sótti fyrirtækið um styrk fyrir hraðhleðslur í ferðaþjónustu í Grundarfirði að heildarkostnaði 37.500.000 króna og hlaut

þriðjung þeirrar upphæðar eða 12.375.000 krónur. Meðfylgjandi mynd er af vefsíðu Grundarfjarðarbæjar.

SJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Víkingur í þriðja sætið

Horfurnar í toppbaráttu 2. deildar í Íslandsmóti KSÍ voru fljótar að breytast í síðustu umferð deildarinnar þegar Víkingar töpuðu leik sínum á móti KF á Ólafsfjarðarvelli. KF sitja í næsta neðsta sæti deildarinnar svo að tap Víkinga kom mörgum í opna skjöldu en KF fór með tveggja marka forystu inn í hálfleikinn og skoruðu svo þriðja markið úr víti á 84. mínútu. Luis Alberto Diez Ocerin skoraði eina mark

Víkings á 87. mínútu leiksins og KF bætti svo við fjórða markinu á 90. mínútu. Þetta var sárt tap þar sem Víkingarnir hafa verið sterkir í sumar og í baráttan um að komast upp orðin harðari. Nú deila þeir 3. sæti deildarinnar með Þrótti V með 29 stig en Völsungur, sem vann sinn leik í þessari umferð, situr í 2. sæti með 32 stig og Selfoss vermir enn toppsætið.

SJ



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímarpantanir í síma 436-1111

Listavinnuskóli Grundarfjarðarbæjar



Listavinnuskólinn er verkefni á vegum Grundarfjarðarbæjar sem er starfrækt í samstarfi við Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi en það er hluti af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands. Starfsfólk vinnuskólans er á aldrinum 14-16 ára og hefur hópurinn starfað við fegur og umhírðu svæða innan sveitarfélagsins í sumar. Í Listavinnuskólanum gefst ungu fólki einnig tækifæri til að starfa við skapandi greinar. Markmið verkefnisins er að búa til eitthvað enn skemmtilegra, að hampa því óvænta, vera vettvangur róttækra tilrauna með umhverfið og gera svæði meira aðlaðandi þannig að fleiri vilji nýta. Verkefnið í ár bar fyrir-sögnina Aðstoðarmenn listamanns og var Thora Karlsdóttir, myndlistarkona, með umsjón yfir Listavinnuskólanum. Skólinn

var starfræktur í viku í upphafi ágústmánaðar og var unga fólkinu boðið að taka þátt í daglegum störfum listamanns og aðstoð við undirbúning og framkvæmd á listaverkinu sjálfu. Þá fengu þau líka að kynnast störfum listamanns frá hugmyndavinnu að fullunni verki, framkvæmd, uppsetningu og fleira sem felst í listsköpun. Sýning með afrakstri Listavinnuskólans var svo haldin föstudaginn 9. ágúst þar sem fordómaþvottavél, heilaþvottavél og málverk sem krakkarnir unnu sjálf um hlýnun jarðar voru til sýnis. Þrír ungir og upprennandi listamenn tóku þátt í Listavinnuskólanum í ár. Á meðfylgjandi mynd eru þau ásamt Thoru Karlsdóttir ásamt verkum þeirra um hlýnun jarðar.

SJ

Gjöf til Snæfellsjökulsþjóðgarðs



Við opnun Þjóðgarðsmiðstöðvarinnar á Hellissandi árið 2023 fékk Snæfellsjökulsþjóðgarður listaverk að gjöf. Verkið var gjöf frá sveitarfélögum á Snæfellsnesi, það er Eyjag og Miklaholtshreppi, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbæ og Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Verkið ber nafnið Snæfellingur

og er eftir Lúðvík Karlsson, sem ber listamanns nafnið Liston. Er það unnið úr grágrýti úr námi í landi Efri Höfða, við Rif. Formverksins er sótt í skeljar og tvinn að við öldur hafsins. Stendur það við inngang Þjóðgarðsmiðstöðvarinnar á Hellissandi svo allir sem þangað koma fá að berja verkið augum.

SJ

Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.

Ekki láta þína tunnu fjúka!

Tunnukjamminn

- Ruslatunnufesting fyrir íslenskar aðstæður
- Mjög einfalt í uppsetningu og umgengni
- Til í stærðum fyrir allar almennar tunnur
- Íslensk hönnun og framleiðsla



Nánari upplýsingar og pantanir á www.tunnukjammur.is

 TUNNUKJAMMAR.IS

Grænir punktar í Kjörbúðinni

Verslanir Kjörbúðarinnar um land allt hafa tekið upp þá nýjung að merkja lykilverur með grænum punkti. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Kjörbúðinni. Græni punkturinn á að segja viðskiptavinum að þær vorur séu á sambærilegu verði og í lágvöruverslun. Er þetta gert til þess að auðvelda viðskiptavinum að þekkja þær vorur. Lykilverur eru þær vorur sem eru mest keyptar í hverri búð. Undanfarið hafa grænu punktarnir verið á þúsund vorum en nú hefur þeim verið fjölgað í 1,500 vorur. Grænu punktana má finna á hillumiða hvernar vöru. Kjörbúðin gerir þetta til þess að tryggja hagkvæma verslun í heimabyggð og eru þetta því gleðifrétir fyrir íbúa Grundarfjarðar.

JJ



Deildarstjóri Þjónustuíbúðakjarna FSS í Ólafsvík

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga auglýsir laust til umsóknar 50% stöðugildi deildarstjóra í þjónustuíbúðakjarnanum. Meginverkefni er stjórnun og ábyrgð stuðnings- og hæfingar íbúanna til sjálfstæðrar búsetu.



Hæfniskröfur

- Leitað er einstaklinga sem lokið hafa faglegu námi er nýttist í auglýstu starfi
- Stundvísi, samvinnu- og samskiptahæfileikar og áhugi fyrir starfi með fólki með skerta starfsgetu eru mikilvægir eiginleikar í starfinu
- Reynsla og þekking af starfi með fötluðum er kostur
- Frumkvæði, áreiðanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Jákvæðni og sveigjanleiki í starfi.
- Viðkomandi þurfi að vera 20 ára eða eldri.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags

Skriflegar umsóknir um starfið er tilgreini menntun, starfsferil og umsagnaraðila ásamt prófskírteini og sakavottorði berist undirrituðum sem jafnframt veitir frekari upplýsingar.

Þjónustukjarninn er reyklusinn vinnustaður!

Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS
Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær; sveinn@fssf.is s. 430 7800

Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu FSS, www.fssf.is

Umsóknarfrestur er til 31. ágúst 2024